



## Álagningarreglur gjalda hjá Vopnafjarðarhreppi fyrir árið 2020

Álagning útsvars á tekjur ársins 2020 er 14,52%

### Álagning fasteignagjalda 2020 verður ákveðin með eftirfarandi hætti.

I. Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkti að fasteignagjöld fyrir árið 2020 verði lögð á sem hér segir:

II.

#### Fasteignaskattur á :

- 1) Íbúðarhúsnæði og bújarðir. **0,55 %** af heildarfasteignamati
- 2) Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði. **1,65 %** af heildarfasteignamati
- 3) Sjúkrastofnanir, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn **1,32 %** af heildarfasteignamati

#### a) Vatnsgjald og holræsagjald:

1. Vatnsgjald nemi **0,3 %** af fasteignamati húss.
  - Aukavatnsgjald skv. mæli skv. gjaldskrá kr. 44,- fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við grunnvísitölu byggingarkostnaðar 146,4 stig í des. 2019.

2. Holræsagjald nemi **0,32 %** af heildarfasteignamati.

b) Lóðarleiga

Lóðarleiga verði **2,0 %** af fasteignamati allra lóða á Vopnafirði.

III. Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkir á grundvelli laga nr. 81./ 1988 IV. kafla

22. gr. að leggja á sérstakt sorphirðu og sorpeyðingargjald á hverja íbúð á Vopnafirði á árinu 2020. Hvort gjald um sig skal vera **kr. 14.468** á íbúð eða samtals **kr. 28.936,-**. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

Á hvert frístundahús (sumarbústað) greiðist þjónustugjald sem nemur 30% af fullu gjaldi sem samsvarar **kr. 8.681,-** enda geta notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæðum á vegum sveitarfélagsins. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

Um gjöld að öðru leyti fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs á Vopnafirði fer samkvæmt samþykktum og gjaldskrá sem Vopnafjarðarhreppur hefur sett sér og tóku gildi á árinu 2011.

**Gjalddagar fasteignagjalda 2020 eru 10 og verða þeir 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst, 15. september, 15. október og 15. nóvember. Eindagi er 30 dögum síðar.**

**Athugið:** Ef fjárhæðir til innheimtu eru innan við kr. 25.000,- þá er einn gjalddagi 15. maí.

#### IV. Reglur um afslátt á fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþega:

Sveitarstjórn heimilar með stoð í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga að fella niður fasteignaskatt elli- og örorkulífeyrisþega af eigin íbúð á eftirfarandi hátt. Niðurfelling fasteignaskatts skal vera tekjutengd. Tekjuviðmiðun eru árstekjur 2019 skv. skattframtali 2020:

- a) Einstaklingar:
- |  |                   |
|--|-------------------|
| Brúttótekjur 2019 allt að <b>kr. 2.864.698,-</b> | 100% niðurfelling |
| Brúttótekjur 2019 allt að <b>kr. 3.988.816,-</b> | 50 % niðurfelling |
- b) Hjón:
- |  |                    |
|--|--------------------|
| Brúttótekjur 2019 allt að <b>kr. 4.245.553,-</b> | 100 % niðurfelling |
| Brúttótekjur 2019 allt að <b>kr. 4.729.999,-</b> | 50 % niðurfelling  |

Við fráfall maka eða sambýlings skal fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem fjölskylda hins látna ( hinnar látnu) á og býr í felldur niður að fullu fyrsta árið en að hálfu annað árið eftir fráfall.

Búi fullvinnandi einstaklingur (eða hjón) inni á heimili ellilífeyrisþega, fellur fasteignaskattur ekki niður.

Hafi veruleg tekjulækkun orðið hjá ellilífeyrisþega milli áráanna 2019 og 2020 hefur sveitarstjórn heimild til að taka tillit til þess við niðurfellingu fasteignaskatts, berist umsókn um slíkt.

Sömu reglur skulu gilda um niðurfellingu fasteignaskatts hjá öryrkjum með fulla örorku.

Álagningarseðlar fasteignagjalda eru aðgengilegir á [www.island.is](http://www.island.is)

Samþykkt í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps 11. desember 2019

---

Þór Steinarsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps